Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 29. október 1987

126. fundur skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans fimmtudaginn 29. október 1987 kl. 17.15.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðjón Sigurbjörnsson, Bogi Hallgrímsson, Eggert Ólafsson, Guðjón Kristjánsson, Ingimundur Guðnason, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Böðvar Jónsson, fulltrúi nemenda og Hulda Björk Þorkelsdóttir, fundarritari. Gestir fundarins voru Jóhann Bergmann, bæjarverkfræðingur í Keflavík og Helgi Eiríksson, kennari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega gesti fundarins. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla húsnæðisnefndar.

Jóhann Bergmann gerði grein fyrir skýrslu húsnæðisnefndar SSS. Nokkur umræða varð um einstaka liði skýrslunnar.

Nefndarmönnum voru þökkuð vel unnin störf. Stefnt er að því að skólanefnd álykti um skýrsluna áður en langt um líður.

3. Ferð til fjárveitinganefndar.

Ákveðið var að fara á fund fjárveitinganefndar til að fá uppgjör ríkissjóðs vegna eldri framkvæmda (1976-1986) að upphæð kr. 2.000.000.

2. Tölvuskóli Suðurnesja - Námsflokkar.

Helgi Eiríksson greindi frá gangi mála varðandi stofnun Tölvuskóla Suðurnesja. Undirtektir hafa verið jákvæðar og allar líkur eru á að kennsla geti hafist í byrjun nýs árs.

Helgi gerði einnig grein fyrir námskeiðum á vegum Námsflokka FS á þessari önn. Aðsókn hefur verið góð.

4. Eldvarnarkerfi og kallkerfi.

Ingólfur sagði frá undirbúningi brunavarna. Gögn eru nú í Brunamálstofnun. Málinu frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál.

a) Bréfi frá stjórn SSS var dreift. Þar kemur fram að samþykkt er hækkun um 230.000 kr. á fjárhagsáætlun FS fyrir yfirstandandi ár vegna hækkunar á launum og hækkunar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja.

b) Tveir kennara við skólann, þau Unnur Þorsteinsdóttir og Björn Lárus Örvar sækja um skipun í stöður. Skólnefnd mælir með því. Fram kom í umræðu um réttindi kennara við skólann að nú eru um 12 leiðbeinendur í starfi.

c) Árlegri stærðfræðikeppni í framhaldsskólum vegna Ólympíuleikanna í stærðfærði er nýlokið. Einn nemandi skólans, Ólafur Örn Jónsson úr Keflavík, varð í fjórða sæti á yngra stigi og komst í hóp þeirra sem undirbúa sig fyrir þátttöku á leikunum. Skólanefnd fagnar árangri Ólafs og sendir honum árnaðaróskir.

d) Skólameistari sagði frá því að frá og með s.l. miðvikudegi eru reykingar nemenda bannaðar innandyra í skólanum.

e) Skólnefnd samþykkir að ráða starfskraft til að fylgja eftir bréfi sem sent verður næstu daga til fyrirtækja í sjávarútvegi með beiðni um stuðning við vélstjórnar- og skipstjórnarbrautir skólans.

f) Formaður spyr um tryggingamál skólans í framhaldi af innbroti á Iðavöllum nýlega. Skólameistari skýrði frá því að skólinn hefði aðeins lágmarkstryggingu í dag, en verið væri að athuga þetta mál nánar. Borist hefur tilboð frá einu tryggingafyrirtæki þar sem m.a. væri innifalin þjófatrygging. Lagt var til að leitað yrði tilboða og málið kynnt á næsta fundi, einnig var óskað eftir að birtar verði tölur varðandi lækkun brunatrygginga ef sett verður upp eldvarnarkerfi tengt slökkvistöð í skólanum.

Fleira var ekki gert. Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi um kl. 19.00.

Guðmundur Björnsson
formaður

Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

KÖNNUN Á KOSTNAÐI VIÐ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI

| | | | |
|---|---|---|---|
| A Kerfi 1 | Sunnubraut 36 | 276.969,- | kr. |
| | Iðavellir 1 | 41.013,- | " |
| | Iðavellir 3 | 36.659,- | " |
| Árlegt viðhald um 30.000,- kr. á ári alls. | | 354.640,- | " m/sölusk. |
| Vinna við uppsetningu | | 262.500,- | " |
| | | 617.140,- | " |
| Kerfi 2 | Sunnubraut 36 | 557.790,- | kr. |
| | Iðavöllum 1 | 35.455,- | " |
| | Iðavöllum 3 | 27.640,- | " |
| | | 620.885,- | "m/sölusk. |
| Árlegt viðhald um 5000 p.a. | | | |
| Vinna við uppsetningu og prófun | | 187.500,- | " |
| | | 808.385,- | " |

B Kostnaður vegna innanhússkerfis í FS.

| | | |
|---|---|---|
| Efni | 221.028,- | kr. |
| Söluskattur | 55.257,- | " |
| Vinna við uppsetningu | 127.400,- | " |
| | 403.685,- | " |

C Neyðarlýsing, efni, sölusk. og vinna

85.158,- kr.

# KÖNNUN Á KOSTNAÐI VIÐ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI

| | | | |
|---|---|---|---|
| A Kerfi 1 | Sunnubraut 36 | 276.969,- | kr. |
| | Iðavellir 1 | 41.013,- | " |
| | Iðavellir 3 | 36.659,- | " |
| | Árlegt viðhald um 30.000,- kr. á ári alls | 354.640,- | " m/sölusk. |
| | Vinna við uppsetningu | 262.500,- | " |
| | | 617.140,- | " |
| Kerfi 2 | Sunnubraut 36 | 557.790,- | kr. |
| | Iðavöllum 1 | 35.455,- | " |
| | Iðavöllum 3 | 27.640,- | " |
| | | 620.885,- | "m/sölusk. |
| | Árlegt viðhald um 5000 p.a. | | |
| | Vinna við uppsetningu og prófun | 187.500,- | " |
| | | 808.385,- | " |

B Kostnaður vegna innanhússkerfis í FS.

| | | |
|---|---|---|
| Efni | 221.028,- | kr. |
| Söluskattur | 55.257,- | " |
| Vinna við uppsetningu | 127.400,- | " |
| | 403.685,- | " |

C Neyðarlýsing, efni, sölusk. og vinna

85.158,- kr.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík
Sími 92-3100

Fundur haldinn í stjórn skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja fimmtudaginn 29. október kl. 16 í bóknámshúsi skólans.

Fundinn sátu Guðjón Sigurbjörnsson, Bogi Hallgrímsson, Guðmundur Björnsson og Hjálmar Árnason ásamt Stefáni Jónssyni.

DAGSKRÁ:

1. Rætt um synjun á stöðu ritara.

2. Rætt um aukafjárveitingu frá sveitarfélögunum.

3. Rætt um fjárlög 1988 og ferð á vit fjárveitinganefndar.

4. Rætt um uppgjör og lántöku vegna nýbyggingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið laust fyrir klukkan fimm.

Hjálmar Árnason skráði.